

Lyfjanefnd 20. Mars 2024

Guðný Friðriksdóttir boðaði forföll og sendi formanni jafnfram bréf þar sem óskar eftir að segja sig úr lyfjanendinni

Mættir: Jón Steinar Jónsson, Hannes Hrafnkelsson, Gunnlaugur Sigurjónsson, Anna Bryndís Blöndal og Arna Þórdís Árnadóttir sem skrifar fundargerð

Dagskrá fundar:

Skýrsla um sýklalyfjaónæmi

Fjöllyfjameðferð
„Transition of care“

Ráðleggingar/leiðbeiningar um lyfjaval

Miðlægt lyfjakort

Lyfjastofnun, lyfjaskortur

Lyfjaráðgjöf í heilsugælsu

Lyfjarýni m.a. á hjúkrunarheimilum

Önnur mál

- Hlutverk lyfjanefndar rædd
- STRAMA rætt. Í aðgerðaráætlun gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis á Íslandi sem nýlega var birt eru nokkrir hlutir sem snúa að heilsugæslunni
 - Vandaliðun – bæta skráningu ábendinga. Ef lyfin væru vandaliðuð gætum við tekið gögn um ábendingar fyrir sýklalyfjum úr gagnagrunni landlæknis. Vandaliðun er mikið notuð en ekki nóg til að hægt sé að treysta á það. – Lyfjakortið eins og það er sett upp núna vinnur eiginlega á móti vandaliðun. Ætlum að taka vandaliðunarmræðuna inn í Strama og hvetja lækna á hinum árlegu fundum til að vandaliða sýklalyfjaávisanir
 - Efla þróun og kynningu leiðbeininga á hjúkrunarheimilum um sýklalyfjanotkun. Eru ákveðin atriði þar sem við þurfum að vinna í á næstu misserum
 - Festa Stramaverkefnið í sessi. ÞÍH verði falið verkefnið til framtíðar.
- Fjöllyfjameðferð og lyf án skaða
 - Eru 2 stór mál – fjöllyfjameðferð og transition of care sem snýr að okkur.
 - Mastersritgerð í lyfjafræði – sýnir að fjöllyfjameðferð hefur aukist umtalsvert á tíu ára tímabili hjá heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu
 - Önnur mastersritgerð í gangi um transition of care sem verður kynnt lyfjanefnd þegar niðurstöður hennar hafa verið birtar
 - Á heimasíðu ÞÍH eru leiðbeiningar og fræðsla varðandi lyfjaval, lyfjarýni, niðurtröppun lyfja og fleira sem snýr að þessum málum en vísbendingar eru um að þetta efni sé ekki mikið notað. Rætt hvernig best sé að gera Heimilislækna og starfsmenn heilsugæslu almennt betur meðvituð um þessa fræðslu eða leiðbeiningar.

- Fundir með hverri heilsugæslustöð er líklega vænlegast til árangurs
- Leiðbeiningar/ráðleggingar um lyfjaval
 - Okkar vinnulag er að allar leiðbeiningar um lyfjaval séu samþykktar af sérgreinalækni í þeirri grein sem viðkomandi leiðbeiningar taka til
- Miðlægt lyfjakort
 - Alger bylting þó að það séu hnökrar við innleiðingu. Búið að gera 14500 miðlæg kort í HH.
 - Kortið dettur oft út, sem veldur vanda við ávísanir lyfja því um leið og búið er að gera miðlægt kort þarf að ávísa lyfjum þar.
 - Rætt um nokkur atriði sem þarf að laga við innleiðingu kortsins svo sem fjölval við flokkun lyfja, möguleika á að endurnýja í lyfjasögu, að lyfjakortið birtist alltaf þegar endurnýjað er gegnum heilsuveruskilaboð, vandaliðun sem til er skili sér, yfirsýn á kortið ekki nógu gott ef viðkomandi er með mörg lyf. Einnig er bagalegt að innleiðing sé eingöngu í gangi í heilsugæslu en ekki samhliða hjá sérgreinalæknum og Landsspítala svo og að ekki komi fram verð á lyfjum. Anna Bryndís mun koma athugasemdum til réttara aðila
- Lyfjaskortur
 - Höfum mánaðarlega fundi með lyfjastofnun og erum að rýna í skort.
 - Höfum sett beint inn á heimasíðuna hlekk á lyfjaskortsfréttir
 - Lyfjaskortsupplýsingar þarf að uppfæra stöðugt og þær þurfa að vera áreiðanlegar.
 - Verðskrá bara uppfærð einu sinni í mánuði og þarf að ræða það
 - Lyfjastofnun ætti að eiga upplýsingar um ógild lyf. Verðum að geta farið og skoðað undanþágulyf þó þau séu komin á undanþágu
- Lyfjaráðgjöf HH
 - Fjarþjónusta – hringja mikið í skjólstæðinginn
 - Þurfum að vinna þessari þjónustu sess fyrir allt landið
 - Er þróunarverkefni sem getur orðið fyrirmynd að fjarþjónustu um allt land
- Lyfjarýni
 - Jón Steinar og Anna Bryndís funduðu með tengiliðum nefndarinnar við hjúkrunarheimili (Ólaf Samúelsson og Gunní Helgadóttur) þar sem meðal annars var rætt um verklag við lyfjarýni.
 - ÞÍH er að búa til leiðbeiningar um lyfjarýni sem m.a. er hugsað fyrir hjúkrunarheimilin
 - Búið að fjalla um lyfjarýni í læknablaðinu og á ýmsum fæðslufundum m.a. á heimasíðu ÞÍH

Gunnlaugur ætlar að taka saman punkta til ábendingar fyrir Sunnu hjá landlækni fyrir miðlæga lyfjakortið

Fleira ekki rætt og fundi slitið 15.45